

Hafnarfjarðarbær
b.t. Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Afrit: Menntamálaráðuneytið, Félag leikskólakennara

Hafnarfjörður, 3. febrúar 2015

Efni: Athugasemdir vegna uppsagnar á þjónustusamningi

I.

Almennt

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 28. janúar sl., mótttekið af Bjargir leikskólum ehf. (hér eftir vísað til sem „Bjargir“) hinn 29. sama mánaðar, þar sem leikskólanum er tilkynnt um einhliða uppsögn bæjarins á þjónustusamningi þessara aðila um rekstur ungbarnaleikskóla í Hafnarfirði.

Í framangreindu erindi er umræddum þjónustusamningi, þ.e. samningur dags. 16. desember 2011, sagt upp með vísan til samþykktar fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar frá 26. janúar sl. Umrædd samþykkt er svohljóðandi:

„Fræðsluráð samþykkir að segja upp samningi um rekstur ungbarnaleikskóla í Hafnarfirði við Bjargir ehf. í samræmi við uppsagnarákvæði samningsins með sex mánaða fyrirvara frá og með 31. janúar 2015 að telja og felur bæjarstjóra framkvæmdina. Bæjarstjórn staðfesti síðan uppsögnina.“

Að gefnu tilefni vill Bjargir fá að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað varðar umrædda uppsögn á samningi aðila, framkvæmd uppsagnarinnar sem og öðrum atriðum er kunna að varða mál þetta.

Fyrst ber að nefna aðdraganda umræddrar uppsagnar sem og samskipti Hafnarfjarðarbæjar við skólann við undbúning þeirrar ákvörðunar bæjarins. Bjargir vekja athygli á að skólanum barst fyrst tilkynning frá fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar að kvöldi til hinn 21. janúar sl. þar sem fram kom að bærinn væri með til skoðunar hvernig fækkun leikskólabarna í Hafnarfirði á næsta skólaári yrði mætt. Í því tilefni voru fulltrúar skólans boðaðir á fund með bænum föstudaginn 23. janúar sl. Þar sem efni fundarins var ekki að öllu leyti skýrt, þ.e. fyrir utan almenna tilvísun um að mæta fækkun leikskólabarna, þá óskuðu fulltrúar skólans eftir frekari upplýsingum um efni fundarins með tölvupósti hinn 21. janúar sl. Skólanum barst svo svar bæjarins næsta dag, þ.e. 22. janúar sl., þar sem sagði eftirfarandi:

„Fundarefnið er að kynna ykkur og ræða fyrirhuguð viðbrögð við fækkun leikskólabarna næsta haust og hvernig Bjarmi kemur inn í þá umræðu.“

Ekki var nánar gerð grein fyrir efni fundarins og þess þá heldur mátti ráða af umræddum samskiptum að til stæði að grípa til jafn íþyngjandi aðgerða sem uppsögn á umræddum þjónustusamningi svo sannarlega er.

II.

Uppsögn samnings

Bjargir gera ekki athugasemdir varðandi heimild samningsaðila til að segja einhliða upp umræddum samningi aðila enda er heimild til uppsagnar af beggja hálfu í 2. gr. samningsins. Þá er það ekki skólans að taka afstöðu til ákvarðana sem teknar eru af Hafnarfjarðarbæ. Eftir sem áður er það mat skólans að við töku ákvarðana sem og beitingu 2. gr. samningsins beri Hafnarfjarðarbæ að gæta að ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, sem og ákvæðis 13. gr. umrædds samnings aðila.

Bjargir benda í því samhengi á að í 13. gr. samningsins er fjallað um skyldu samningsaðila til að leysa ágreiningsmál án þess að koma þurfi til málareksturs eða uppsagnar samnings. Ítrekast hér að uppsögn samningsins er íþyngjandi ákvörðun og þar af leiðandi bar fræðsluráð Hafnarfjarðarbæjar þá skyldu að að kanna fyrst hvort unnt væri að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að, þ.e. aðhald í rekstri, með minna íþyngjandi aðgerð í samræmi við meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga, sbr. 12. gr. laganna. Með vísan til meðalhófsreglunnar hvíldi m.a. sú skylda á fræðsluráði að ganga úr skugga um hvort unnt væri að ná fram markmiðum um hagræðingu með endurskoðun samningsins og/eða öðrum aðgerðum í stað uppsagnar hans. Að mati skólans hefði því eingöngu átt að grípa til uppsagnar hafi legið ljóst fyrir með óumdeilanlegum hætti að ekki væri unnt að ná fram hagræðingu í rekstri með öðrum hætti.

III.

Aðdragandi uppsagnar

Eins og áður segir er í 13. gr. umrædds samnings kveðið á um skyldu samningsaðila til að tryggja að leyst sé úr ágreiningsmálum áður en gripið er til uppsagnar samningsins. Að sama skapi ítreka Bjargir að sú skylda hvílir á stjórnvöldum að grundvalla ákvarðanir sínar á fullnægjandi upplýsingum sem og gæta að andmælarétti aðila máls, sbr. 10. og 13. gr. stjórnarsýslulaga. Hins vegar liggur fyrir að ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar uppfyllir ekki að fullu þessar kröfur.

Framangreindu til stuðnings benda Bjargir á að skólanum var fyrst ljóst um að breytingar kynnu að vera gerðar varðandi starfsumhverfi skólans og samskipti við Hafnarfjarðarbæ þegar skólanum barst tölvupóstur frá bænum að kvöldi til miðvikudaginn 21. janúar sl., eins og áður hefur komið fram. Í tölvupóstinum var skólinn boðaður á fund með rúmlega sólarhringsfyrirvara þar sem fundarefnið var að til staði að ræða við skólann um fjölda leikskólabarna á næsta ári. Hins vegar var umræddur fundur ekki í samræmi við fundarboðið þar sem á fundinum var skólanum tilkynnt um þá ákvörðun fulltrúa meirihlutans í bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar að segja upp samningi við Bjargir og að tillaga þess efnis yrði lögð fram á fundi fræðsluráðs þremur dögum síðar. Einu rökin sem skólanum voru kynnt fyrir þessari ákvörðun voru þau að börnum á leikskólaaldri hefði fækkað milli ára í Hafnarfirði og bæjarstjórnin hefði af þeirri ástæðu samþykkt að draga samsvarandi úr rekstrarumfangi leikskólastigsins í bænum. Ekki stóð til að ræða málið frekar við Bjargir eða gefa skólanum nokkurt tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum eða upplýsingum á framfæri við fræðsluráð. Að sama skapi, þar sem fundurinn var ekki í samræmi við fundarboð, var skólanum ekki unnt að bregðast við efni hans eða afla gagna til stuðnings málstað sínum. Þá var skólanum ekki unnt að leggja fram nauðsynleg gögn sem að mati skólans væru málstað hans til framdráttar.

Eins og áður hefur komið fram er uppsögn á samningi sannarlega verulega íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, og að sama skapi þegar um er að ræða verulega rekstrar- og fjárhagslega forsendur fyrir starfsemi skólans, og telur Bjargir við að hana hljóti að þurfa að taka á eins málefnalegum forsendum og á grundvelli eins rétttra upplýsinga og mögulegt er. Aðdragandi

Þessarar ákvörðunar hefur verið mjög stuttur og hefur skólanum í raun hvorki verið gefið tækifæri til viðræðna við Hafnarfjarðarbæ né hefur verið gert ráð fyrir að skólinn hefði eðlilegan andmælarétt eða svigrúm til að koma að upplýsingum sem Bjargir telja að bæjarstjórn þurfi að hafa svo hún geti staðið með eðlilegum hætti að ákvörðuninni og uppfyllt rannsóknarskyldu sína.

Það var ekki fyrr en með formlegri tilkynningu um uppsögn á umræddum samningi að skólanum mátti vera að fullu ljóst hverjar röksemdir hafnarfjarðarbæjar voru fyrir umræddri uppsögn, en röksemdir fræðsluráðs bæjarins eru reifaðar í greinargerð sem fylgdi tilkynningu bæjarins. Eftir að hafa séð þær upplýsingar sem lagðar voru fyrir fræðsluráð, og ákvörðun ráðsins byggir á, er það mat skólans að þar sé í grundvallaratriðum ekki farið rétt með staðreyndir og/eða eftir atvikum byggt á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum. Ítrekast hér enn og aftur sú skylda sem hvílir á stjórnvöldum að byggja ákvarðanir sínar réttum upplýsingum um atvik máls.

IV.

Athugasemdir skólans

Að gefnu tilefni óska Bjargir eftir því að koma á framfæri við Hafnarfjarðarbæ eftirfarandi upplýsingum þar sem færð eru rök fyrir sjónarmiðum skólans í málinu og þeim upplýsingum sem þau byggja á. Með þessu vill skólinn leggja sitt af mörkum svo að bæjarstjórn hafi sem gleggstar upplýsingar og skýrasta mynd af þeim efnisatriðum sem líklegt er að muni hafi mótandi áhrif á niðurstöðu hennar.

Í rökstuðningi fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar er vísað til þess að rekstur leikskólans sé óhagkvæmur í samanburði við aðra þjónusturekna leikskóla í sveitarfélaginu og nýting leikskólaplássna á ungbarnaleikskólanum hafi við ófullnægjandi. Í afgreiðslu ráðsins er vísað til þess að svokallað dvalargildi á Ungbarnaleikskólanum Bjarma sé

„17-23% dýrara en á öðrum þjónustureknum leikskólum bæjarins „

og að ekki hafi alltaf

„verið hægt að fylla í pláss leikskólans þótt bærinn þurfi, samkvæmt þjónustusamningi, að greiða fyrir allt að 24 börn í átta tíma á dag“

Í greinargerð fræðsluráðs er svo að finna frekari rökstuðning fyrir uppsögninni og er hann settur fram í tveimur liðum sem byggja á framangreindri afgreiðslu og er ætlað að rökstyðja hana frekar, auk þess sem þar er einnig vikið að húsakosti leikskólans. eru það þeir þættir sem fræðsluráð leggur til grundvallar ákvörðun sinni um að sega upp samningi við Bjargir. Hér á eftir verður gerð grein fyrir afstöðu skólans gagnvart umræddum fullyrðingum.

V.

Innritun og nýting leikskólaplássna á Bjarma

Í áðurnefndri greinargerð fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar segir eftirfarandi um innritun og nýtingu leikskólaplássna á Bjarma:

„Skv. gildandi samningi greiðir Hafnarfjarðarbær með 24 börnum í 8 klst á dag hvort sem tekst að fylla þá tölu eða ekki. Aðeins eru tekin inn börn frá 6-12 mánaða og yfir þann aldur má ekki fara. Dreifing aldurs þarf að vera sem jöfnust milli

mánaða, þ.e. fjögur börn fædd í júní 4 í júlí, 4 í ágúst osfrv. Af þessum sökum hefur ekki alltaf gengið að fylla leikskólann þar sem þessi börn eru ekki til á biðlista.“

Bjargir benda á að samkvæmt 9.2 gr. samningi aðila skuldbindur Hafnarfjarðarbær sig til þess að greiða fyrir að lágmarki 384 barngildi á tímabilinu frá ágúst til desember á hverju ári. Greiðslur á tímabilinu janúar til júlí miðast hins vegar við meðaltal raunnýtingar fyrir tímabilið október til desember árið á undan. Sú fullyrðing að Hafnarfjarðarbær greiði með 24 börnum í 8 klst á dag, hvort sem tekst að fylla þá tölu eða ekki er því eðli málsins samkvæmt röng og ekki í samræmi við þann samning sem er í gildi milli aðila, og hefur nú verið sagt upp einhliða af hálfu Hafnarfjarðarbæjar.

Tafla 1 hér að neðan sýnir yfirlit yfir nýtt barngildi árin 2012 til 2015.

Tafla 1: Yfirlit nýtttra barngilda 2012 til 2015

	2012			2013			2014			2015		
	Hlutfall greiddra ónýtttra barngilda			Hlutfall greiddra ónýtttra barngilda			Hlutfall greiddra ónýtttra barngilda			Hlutfall greiddra ónýtttra barngilda		
	Nýtt	Greidd	0,0%	Nýtt	Greidd	0,0%	Nýtt	Greidd	0,0%	Nýtt	Greidd	0,0%
Janúar	378	378	0,0%	394	394	0,0%	385	385	0,0%	366	366	0,0%
Febrúar	381	381	0,0%	388	388	0,0%	383	384	0,4%	370	370	0,0%
Mars	391	391	0,0%	393	393	0,0%	383	384	0,4%			
Apríl	390	390	0,0%	393	393	0,0%	383	384	0,4%			
Maí	392	392	0,0%	396	396	0,0%	390	390	0,0%			
Júní	392	392	0,0%	396	396	0,0%	390	390	0,0%			
Júlí												
Ágúst	417	417	0,0%	265	384	31,0%	317	384	17,4%			
September	389	389	0,0%	309	384	19,5%	290	384	24,5%			
Oktober	390	390	0,0%	348	384	9,4%	346	384	9,9%			
Nóvember	390	390	0,0%	374	384	2,6%	364	384	5,2%			
Desember	396	396	0,0%	374	384	2,6%	365	384	5,1%			
Meðaltal	391,2	391,2	0,0%	366,1	388,8	5,8%	363,0	385,1	5,7%	367,5	367,5	0,0%
Meðaltal fyrri hluta árs	387,1	387,1	0,0%	392,8	392,8	0,0%	385,3	386,1	0,2%	367,5	367,5	0,0%
Meðaltal seinni hluta árs	396	396	0,0%	334	384	13,0%	336	384	12,4%			

Af töflunni sést að ágúst og september skera sig úr hvað varðar lága nýtingu pláss. Einnig sést af töflunni að einungis er greitt fyrir nýtt pláss janúar til júní. Í tölum Hafnarfjarðarbæjar eru villa í mars 2014 sem gera myndina verri fyrir bæinn og leikskólann. Leiðrétt hefur verið fyrir þessari villu í töflunni hér að ofan. Einnig eru villur fyrir apríl og maí í tölum Hafnarfjarðarbæjar en þær hafa ekki áhrif á útreikninga á nýtingu pláss.

Þá benda Bjargir á að samkvæmt 4. gr. samningsins er aldursviðmið barna á Bjarma frá 9 mánaða aldri, eða frá lokum fæðingarorlofs, til 24 mánaða aldurs, enda er leikskólinn ungbarnaleikskóli og skipulag hans og þjónusta í samræmi við þarfir barna á skilgreindu aldursbili ungbarna. Við innritun á Bjarma er samkvæmt samningi farið eftir nákvæmlega sömu viðmiðum og þegar innritað er á aðrar leikskóladeildir hjá Hafnarfjarðarbæ, þ.e. eldra barn

gengur fyrir yngra barni nema um forgang sé að ræða. Það er því ekki rétt sem fullyrt er í fyrrgreindri greinargerð að aðeins séu tekin inn börn á aldrinum 6-12 mánaða.

Bjargir ítreka að þrátt fyrir að samningur aðila kveði á um að leikskólinn skuli sinna börnum á aldursbilinu 9-24 mánaða hefur innritunaráldur barna á Bjarma verið á bilinu 6 vikna til 20 mánaða og útskriftaráldur allt að 30 mánaða. Á þeim 7 árum sem leikskólinn hefur starfað hefur aldursdreifing barna verið 9-20 mánuðir, þ.e. munurinn á elsta og yngsta barni sem hefur verið á leikskólanum á sama tíma. Eins og sést á eftirfarandi töflu 2 hefur aldursdreifingin verið að meðaltali 13 mánuðir.

Til frekari upplýsingar er hér að neðan yfirlit yfir aldursdreifingu barna á Bjarma, þ.e. fjöldi mánaða milli yngsta og elsta barns og meðaltal mánaða.

Tafla 2. Aldursdreifing barna á Bjarma
Fjöldi mánaða milli yngsta og elsta barns

Skólaár	Fjöldi mánaða
2008-2009	15
2009-2010	9
2010-2011	9
2011-2012	13
2012-2013	20
2013-2014	15
2014-2015	10
Meðaltal	13

Þá hefur verið í gildi munnlegt samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og skólans að halda tilteknum fjölda plássu í upphafi skólaárs fyrir skilgreindan hóp barna sem njóta forgangs vegna sérstakra félagslegra aðstæðna. Ekki hefur verið gerður sérstakur samningur þessa efnis, heldur hefur þetta verklag mótast að frumkvæði og beiðni innritunarfulltrúa bæjarins. Bjargir leikskólar bera á sama tíma fullan kostnað af ónýttum plássum. Því var samið um lágmarksgreiðslur hluta ársins.

Þá telur skólinn ástæðu til að áréttu að innritun barna á Bjarma er samkvæmt umræddum samningi aðila alfarið í höndum vekkaupa, þ.e. Hafnarfjarðarbæjar. Rekstraraðilar, þ.e. Bjargir, hafa því enga stjórn á þeim þætti í rekstrinum og hafa aldrei gert. Sú staðhæfing að verksali setji með einum eða öðrum hætti sérstök skilyrði um aldursdreifingu barna á leikskólanum er eins og hér hefur verið rakið sömuleiðis röng eða byggð á ófullnægjandi upplýsingum um framkvæmd þessara mála. Fullyrðingar um að pláss hafi ekki verið fullnýtt af þessum ástæðum eru það sömuleiðis.

Fullyrðingar sem koma fram í greinargerðinni og snúa að aldri barna á ungbarnaleikskólanum, skilyrðum um innritunaráldur og aldursdreifingu eru í heild einnig rangar og hvorki í samræmi við gildandi samning né framkvæmd hans hingað til.

VI.

Hagkvæmni rekstraeininga

Í áðurnefndri greinargerð fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar segir eftirfarandi um hagkvæmni rekstrareininga og matarkostnað:

„Í Hafnarfirði eru þrjú einkareiknir leikskólar með þjónustusamning og er kostnaður við hvert dvalargildi á Bjarma um 17 % dýrara en á hinum tveimur. Að auki bætist við kostnaður vegna matarkostnaðar, en leikskólinn Arnarberg annast matseld fyrir Bjarma. Um er að ræða 25% viðbótarstöðugildi í eldhús og hráefniskaup.“

Bjargir benda á að laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn í rekstri leikskóla. Starfsmannabörf leikskóla er metin á grundvelli svokallaðra dvalargilda, en það er vistunartími margfaldaður með svokölluðum barngildisstuðli, sbr. 2. gr. samnings aðila. Barngildisstuðlar eru breytilegir eftir aldri barna, lægst 0,8 fyrir 5 ára börn og hæst 2,0 fyrir börn yngri en 2 ára. Sem dæmi reiknast 12 mánaða gamalt barn með 8 stunda dvalartíma sem $2 \times 8 = 16$ dvalargildi. Sé gert ráð fyrir að hlutfall faglærðra af heildarfjölda starfsmanna viðkomandi leikskóla sé allstaðar það sama dugar öllu jöfnu að bera saman hrein dvalargildi til að fá marktækan samanburður á rekstrarkostnaði milli skóla, jafnvel ef um er að ræða rekstrareiningar með ólíka aldursdreifingu og heildarfjölda barna.

Bjargir ítreka að það sem þarf þó alltaf að taka tillit til í slíkum samanburði er að launakostnaður fagmenntaðra starfsmanna er öllu jöfnu umtalsvert hærri en ef um ófaglært starfsfólk er að ræða. Sé litið fram hjá þessum þætti er hætt við að samanburðurinn endurspegli í reynd lítið annað en þann breytileika sem getur verið í umræddu hlutfalli milli ólíkra rekstrareininga. Með öðrum orðum „ódyrasti“ leikskólinn verður sá sem er með fæsta eða enga starfandi leikskólakennara. Hann kemur því að jafnaði best út í slíkum samanburði, þar sem hagkvæmni í rekstri er skilgreint þröngt og án tillit til allra faglegra sjónarmiða.

Bjargir benda á að af þeim 18 leikskólum sem eru starfandi í Hafnarfirði hafa eingöngu tveir leikskólar að jafnaði uppfyllt lágmarksviðmið laga um hlutfall fagmenntaðra starfsmanna. Annar þeirra er ungbarnaleikskólinn Bjarmi, en eins og kemur fram í erindi skólans sem sent var fræðsluráði þann 25. janúar sl. hefur hlutfall fagmenntaðra starfsmanna Bjarma frá upphafi verið á bilinu 70-100%.

Þá benda Bjargir á að í samanburði sem var gerður í tengslum við endurnýjun samnings aðila árið 2011 kom í ljós að ef tekið var tillit til hlutfalls fagmenntaðra starfsmanna var Bjarmi sjötta hagkvæmasta rekstrareiningin af þeim 18 leikskólum sem þá voru í rekstri í Hafnarfirði og lágu til grundvallar samanburðinum.

Í svari við fyrirspurn Bjarga leikskóla vegna ákvörðunar fræðsluráðs segir að gjald án álags fyrir faghlutfall sé 14.395kr. Ekki kemur fram í svari bæjarins hvaða sú tala kemur né fyrir hvaða tímabil hún á við. Samkvæmt reikningi Bjarga leikskóla til Hafnarfjarðarbæjar fyrir janúar 2015 er gjald án álags fyrir faghlutfall 14.195kr. Uppreiknað miðað við hlutfall fagmenntaðra starfsmanna er sú fjárhæð 15.656kr. Sambærilegar tölur fyrir Hjalla og Hamravelli eru sagðar vera 13.387kr. fyrir Hjalla og 13.658kr. fyrir Hamravelli. Ekkert álag er sagt vera fyrir hlutfall fagmenntaðra hjá þessum tveimur samanburðarskólum. Ástæða er til að greina þær tölur nánar en af því gefnu að þær séu réttar er munur milli Bjarga leikskóla og Hamravalla 3,7% en ekki 17 til 27% eins og fullyrt er.

Af ofangreindu ætti að vera ljóst að sá samanburður sem vísað er til í greinargerð fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar, og fullyrt er að hafi leitt til þeirrar niðurstöðu að Bjarmi sé óhagstæðari rekstrareining en þær sem voru til samanburðar, sem nemur 17% til 27%, stenst ekki nánari skoðun. Sá munur sem þar er dregin fram endurspeglar fyrst og fremst þá staðreynd að hlutfall fagmenntaðra starfsmanna er umtalsvert hærra á Bjarma en í þeim leikskólum sem hann er þar borinn saman við auk kostnaðarliða sem eru utan samnings.

VII.

Húsnæði og matur

Samningur aðila gerir ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær leggi rekstrinum til húsnæði. Í því húsnæði sem leikskólinn starfar er ekki aðstaða til matseldar sem uppfyllir opinber viðmið og kröfur. Var það mat fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar á sínum tíma, við gerð fyrsta samningsins um rekstur ungbarnaleikskólans, að það væri hagstæðara fyrir bæinn sem verkkaupa að framleiða mat fyrir Bjarma í nærliggjandi leikskóla en að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu. Gert var ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær stæði undir kostnaði við framleiðslu hans með samningi aðila dags.

Bjargir hafa áður lýst sig reiðubúin að greiða sem næmi áætluðum raunkostnaði vegna hráefnis og matseldar. Bjargir ítreka þennan vilja sinn.

1. Í greinargerðinni segir um húsnæði Bjarma

„Leikskólinn Bjarmi er í óhentugu húsnæði sem þarfnast viðhalds og endurnýjunar eigi starfsemi að halda þar áfram.“

Viðhald núverandi húsnæðis hefur verið í algeru lágmarki og hefur hluti þess verið framkvæmdur og greiddur af Björgum. Bjargir hafa reglulega boðist til að byggja eigið húsnæði á núverandi lóð og hafa meðal annars kynnt skipulagstekningar fyrir Hafnarfjarðarbæ. Þá er rétt að benda á að kostnaður bæjarins af viðhaldi húsnæðisins hverfur ekki þó húsnæðið standi ónotað.

VIII.

Aðrar athugasemdir

Af ofangreindu má ljóst vera að Bjargir leikskólar hafa í gegnum árin sýnt faglegan og fjárhagslegan samstarfsvilja við Hafnarfjarðarbæ. Sú staða er óbreytt af okkar hálfu óski bærinn eftir nánari samskiptum og samstarfi við leikskólann.

Virðingarfyllst,
Bjargir leikskólar ehf.